

Tálknafjarðarhreppur  
b.t. Óskars Arnar Gunnarssonar  
Miðtúni 1  
460 Tálknafirði

Reykjavík, 17. febrúar 2023  
UST202301-395/A.Þ.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 - Fiskeldi á Gileyri**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 varðandi fiskeldi á Gileyri í Tálknafirði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að settir eru ítarlegri skilmálar um fiskeldi á svæði I2 og hámarkslífmassi er aukinn úr 200 tonnum í 1.000 tonn á ári.

Eldisrými stöðvarinnar mun stækka úr 3.600 m<sup>3</sup> í 19.600 m<sup>3</sup> en fyrirhugað er að bæta við 16 kerum.

Í greinargerð kemur fram að þeir áhrifaþættir sem helst eiga við vegna seiðaeldis á landi eru vegna vatnstöku og frárennslis. Ekki eru fyrirhuguð aukin vatnstaka heldur verður endurnýting á vatni aukin. Þá segir að verið sé að bæta meðferð frárennslis frá stöðinni og setja upp tromlusúr auk þess sem frárennslislagnir verði lengdar.

Umhverfisstofnun tekur undir að helstu áhrifaþættir séu vatnstaka og frárennslis og telur að fjalla þurfi ítarlega um þá þætti í greinargerð aðalskipulagsbreytingar. Stofnunin telur auk þess mikilvægt að fjallað verði um úrgang og hvernig hann verði lágmarkaður og endurnýttur eins og kostur er. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefnis/sets úr frárennslis í stað þess að farga því með urðun.<sup>1</sup>

### **Fráveita**

Fram kemur í greinargerð að verið sé að bæta meðferð frárennslis frá stöðinni með því að setja upp tromlur sem skilja frá fóðuragnir o.fl. auk þess sem frárennslislagnir til sjávar verða lengdar og munu ná niður fyrir stórstraumsfjörumörk. Stofnunin bendir á að það er í samræmi við kröfur 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem segir að öllu skólpi skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Stofnunin telur að vísa ætti í ofangreinda reglugerð í skipulaginu.

Að auki vill Umhverfisstofnun benda á að lagning neðansjavarleiðslna er háð samþykki stofnunarinnar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í reglugerð 600/2018 eru nánari upplýsingar um málsmeðferðina.

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal\\_fraveitu\\_og\\_fastefnismedhondlun\\_2020.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf)

## Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að í viðmiðum í töflu 1 er vísað í drög að vatnaáætlun 2022-2027. Stofnunin bendir á að vatnaáætlunin tók gildi í apríl 2022.

Áætlað er að fimmfalda framleiðslumagn stöðvarinnar. Með því að setja upp tromlusúr telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framleiðsluaukningin komi til með að hafa aukin neikvæð áhrif á viðtaka.

Stofnunin bendir á að starfsemin losar í viðtakann Tálknafjörð sem hefur vatnshlotanúmerið 101-1279-C. Í starfsleyfi verður gerð krafa um að rekstraraðili vakti helstu umhverfisþætti í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásar frárennslis í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Stofnunin bendir á skýrslu<sup>2</sup> um vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar á Íslandi út frá líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum sem kom út árið 2022. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laganna segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

---

<sup>2</sup> <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2022-39.pdf>